

(04.7)

(07.44)

## Landsfundur Kvænnalistans helgina 27. - 29. október 1989

Kvænnalistinn hélt sjöunda landsfund sinn í Básnum, Ölfusi, dagana 27. - 29. október. Fundinn sóttu um 90 konur úr öllum kjördæmum landsins.

Á fundinum voru miklar umræður um sveitarstjórnarmál með tilliti til kosninganna að vori. Kvænnalistakonur eru sammála um brýna nauðsyn þess að konur taki virkan þátt í sveitarstjórnnum. Það er umhugsunar- og áhyggjuefni, hversu margar konur, sem nú sitja í sveitarstjórnnum, hyggjast ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfa á þeim vettvangi samkvæmt nýlegri könnun Jafnréttisráðs. Urðu miklar umræður um ástæður þessa, sem eru fyrst og fremst mikið vinnuálag kvenna, jafnt innan heimilis sem utan og eru sveitarstjórnarstörfin enn ein viðbótin. Fundartími er einnig slæmur með tilliti til heimilishalds og enn fremur var bent á, að ekki er nóg með að þessi störf eru viðast hvar illa launuð, heldur kosta þau jafnvel bein fjárlátlát. Sú hugmynd var nokkuð rædd að gera ætti þátttöku í sveitarstjórn að vel launuðu hlutastarfi, sem unnið yrði í dagvinnutíma. Kvænnalistakonur telja að, í næstu sveitarstjórnarkosningum beri að leggja áherslu á dagvistarmál, öldrunarmál, umhverfis- og umferðarmál, svo og atvinnumál með tilliti til kvenna. Nokkrar kvænnalistakonur lýstu reynslu sinni af sveitarstjórnarstörfum, og var það samdóma álit fundarins að sú reynsla sannaði nauðsyn þess að kvænnalistakonur kæmu sem viðast við sögu í sveitarstjórnum landsins. Kvænnalistinn hvetur allar konur til að taka virkan þátt í sveitarstjórnnum og minnir á að konur verða að sækja styrk og reynslu hver til annarrar. Það er hagur allra að stjórn sveitarfélaga móti af reynslu og áherslum kvenna.

Á fundinum voru einnig framsöguerindi og líflegar umræður um hagfræði og konur, atvinnumál kvenna, sjávarútvegsmál, Efnahagsbandalag Evrópu (EB) og Fríverslunarbandalagið (EFTA) og dagvistarmál.

Í umræðum um dagvistarmálin kom m.a. fram eindregin andstaða við áform um að flytja yfirstjórn þeirra mála frá menntamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Þá var að sjálfsögðu ítrekuð og undirstrikuð þörfir fyrir verulegt áatak til þess að koma dagvistarmálunum í það horf að öll börn eigi kost á öruggu og þroskandi umhverfi í námi og leik.

Niðurstaða umræðna fundarins um málefni EB og EFTA varð sú að aðild að EB kæmi ekki til greina. Sjálfsagt væri hins vegar að kanna alla möguleika og kosti þess að ganga til einhverra samninga við EB, en jafnframt afar brýnt að fara að öllu með gát og gera öllum aðilum það ljóst, að íslendingar munu aldrei afsala sér yfirráðum yfir fiskveiðilögsgunni eða öðrum þeim atriðum, sem varða sjálfstæði þjóðarinnar. Ljóst er af nýlegri könnun Félagsvisindastofnunar um viðhorf Íslendinga til þessara mála er nauðsynlegt að stórauka fræðslu stjórnvalda á því sem um er að ræða og hvaða áhrif innganga í EB hefði í för með sér. Til dæmis er ástæða til að benda á það i sambandi við frjálst flæði fjármagns, sem margir virðast telja til kosta, að reynslan er sú, að fjármagnið flæðir frá jaðarsvæðunum inn að miðju. Þá er enn afar margt óljóst t.d. varðandi umhverfismál og margvísleg félagsleg réttindi, sem eru mjög mismunandi milli landa.

Í umræðum um sjávarútvegsmál var ljóst, að kvennalistakonur hafna framkomnum drögum að frumvarpi um stjórnun fiskveiða. Að okkar mati er þar aðeins um að ræða hertan ramma nágildandi kerfis og sáralítið tillit tekið til þeirra tillagna sem Kvennalistinn hefur lagt fram. Miklar umræður urðu um nauðsyn þess að taka ekki síður tillit til vinnslu en veiða, m.a. með takmörkum á útflutningi gámafisks, bæta nýtingu hráefnis, hafa gæðasjónarmið í hávegum, auka rannsóknir og efla mengunarvarnir. Þá kom fram hörð andstaða gegn áformum um endurvinnslu kjarnorkuúrgangs í Skotlandi eins og fram kemur í meðfylgjandi ályktun.

Miklar umræður urðu um versnandi stöðu kvenna á íslenskum vinnumarkaði, sem fyrst og fremst má rekja til veikrar stöðu verkalýðshreyfingarinnar og sífelldra afskipta stjórnvalda af gerðum samningum. Afleiðingarnar hafa orðið mikið launaskrið, sem riðlað hefur öðru taxtakerfi. Þá hefur skrifstofutækni, ásamt markaðsetningu launanna orðið til þess að konur gegna nú enn frekar en áður láglauastörfum. Kannanir sýna, að konur hafa alls staðar hlutfallslega lægri laun en karlar. Næst körlunum komast þær í fiskvinnslunni, þar sem hinn ómanneskjulegi bónum keyrir fólkvið áfram. Til þess að rétta hlut kvenna á íslenskum vinnumarkaði er óhjákvæmilegt að konur taki málin enn frekar í sínar hendur og visast um það efni til meðfylgjandi ákyktunar landsfundarins.

Atvinnumál kvenna tóku mikið rúm á landsfundi Kvennalistans. Kvennalistakonur á Akureyri höfðu unnið að upplýsingasöfnun og rætt tillögur til úrbóta. Niðurstöður starfshópsins eru þær, að konur ráða alltof litlu um stefnu og

þróun í atvinnumálum. Konur koma inn á vinnumarkaðinn á allt öðrum forsendum en karlar. Þeim er þó ætlað að lúta sömu lögmálum og leikreglum og körlum sem hafa ákvæðið allt eftir sínu höfði og þörfum, en það er í rauninni líkt og að api segi fiski að þeir skuli klifra upp í tré á jafnréttisgrundvelli. Það er algjör nauðsyn að konur líti á sig sem sérstakan hóp en ekki "lika menn", þær þurfa sérstakar kennsluaðferðir, ívilnanir og tímabundin forréttindi. Með tilliti til þessa og enn fremur til veikrar stöðu kvenna á landsbyggðinni var samþykkt tillaga um stofnun sérstakrar Kvennadeildar innan Byggðastofnunar.

Af fjölmögum öðrum málum, sem rædd voru á landsfundinum, má nefna kjör fulltrúa í bankaráð, sem vöktu mikla forvitni fjölmiðla. Konur urðu sammála um það, að mikil þörf væri fyrir sjónarmið og áhrif kvenna, þar sem lagðar eru línur í peningamálum og því rétt að Kvennalistakonur tækju þátt í kjöri fulltrúa í bankaráð.

Loks má nefna mikla og frjóa umræðu um stöðu og kjör kvenna í þjóðfélaginu, en um það fjallar meginályktun fundarins.